



Borgarráð

Stuðningur Reykjavíkurborgar við kvikmyndahátíðina Stockfish

Þann 22. nóv 2021 barst erindi frá skipuleggjendum kvikmyndahátíðarinnar Stockfish um 10 milljóna króna styrk frá Reykjavíkurborg og gerð þriggja ára samnings um áframhaldandi stuðning og frekara samstarf.

Stockfish Film Festival er kvikmynda- og ráðstefnuhátíð fagfólks í kvikmyndageiranum, haldin af öllum fagfélögum í kvikmyndagreinum á Íslandi. Með hátíðinni var Kvikmyndahátíð Reykjavíkur endurvakin árið 2015 undir nýju nafni en hún var síðast haldin árið 2001 og var upphaflega sett á laggirnar árið 1978. Markmið hátíðarinnar er að þjóna samfélaginu sem hátíðin sprettur úr, efla og auðga kvikmyndamenningu á Íslandi árið um kring og vera íslenskum kvikmyndaiðnaði lyftistöng bæði erlendis og innanlands. Stockfish var haldin í sjöunda sinn dagana 20. til 30. maí 2021 en henni var frestað tvisvar vegna Covid samkomutakmarkana. Áttunda Stockfish hátíðin verður haldin í lok mars 2022. Í stjórn Stockfish sitja þau Friðrik Þór Friðriksson, Sunna Guðrún Pétursdóttir, Anton Máni Svansson, Ragnar Bragason, Ari Alexander Ergis Magnússon og Tinna Hrafnisdóttir sem fulltrúar allra fagfélaganna í kvikmyndagreinum á Íslandi. Framkvæmdastjóri hátíðarinnar er Marzibil Sæmundsdóttir.

Frá árinu 2016 hefur Stockfish fengið 23,65 m.kr. í styrki úr borgarsjóði. Hátíðin var með 3ja ára samstarfssamning árin 2017 til 2019 en hefur annars fengið úthlutað styrkjum til eins árs. Árin 2020 og 2021 nam styrkur til hátíðarinnar 4 m.kr. á ári. Hátíðin fékk ekki styrk úr borgarsjóði fyrir árið 2022 en þess ber að geta að engir samstarfssamningar voru lausir í ár á sviði menningarmála og því var engum slíkum úthlutað. Jafnframt er borgarhátíðasjóður fullskipaður en opnað verður fyrir umsóknir fyrir borgarhátíðir árin 2023 – 2025 á þessu ári.

Lögð er fram sú tillaga að veita Stockfish 4,5 m.kr. styrk fyrir árið 2022. Tillagan verður fjármögnuð af kostnaðarstaðnum 09205, ófyrirséð. Einnig að Menningar- og ferðamálsviði verði falið að undirbúa þriggja ára samning við Stockfish frá og með árinu 2023 þar sem styrkur til hátíðarinnar nemi 5 m.kr. á ári.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi Stockfish til borgarráðs, dag. 22. nóvember 2021

Kynning á Stockfish 2022



STOCKFISH

Film Festival in Reykjavík

B.t. borgarráðs Reykjavíkur.

22.11. 2021

Erindi

Umsókn um 10 milljón kr. styrk frá Reykjavíkurborg og gerð þriggja ára samnings um áframhaldandi stuðning og frekara samstarf.

Kvikmyndahátíð Reykjavíkur var sett á laggirnar árið 1978 en hafði legið í dvala frá árinu 2001 þegar hún var endurvakin árið 2015 undir nýju nafni, Stockfish Film Festival. Ástæðu endurvakningar hátíðarinnar má rekja til þess að kjörnir fulltrúar í núverandi meirihluta hjá Reykjavíkurborg áttu frumkvæði að samtali við forsvarsmenn fagfélaganna í kvikmyndagerð. Í kjölfarið fékk hátíðin 8 milljón kr styrk frá borginni til að endurvekja hátíðina á faglegum grunni og til að standa straum að fyrstu hátíðinni undir hinu nýja nafni. Samstarf fagfélaganna og kjörinna fulltrúa borgarinnar er því hryggjarsúlan í Stockfish.

Það verður að segjast eins og er að strax á öðru ári þyngdist róðurinn þar sem styrkur borgarinnar lækkaði snarlega um 50%. Kom þetta aðstandendum Stockfish að óvörum sér í lagi þar sem fréttir af þessu bárust þegar undirbúningur næstu hátíðar var hálfnaður. Síðan þá hafa aðstandendur hátíðarinnar gert sitt besta með svipaðan fjárstyrk árlega frá borginni, vissulega á eigin ábyrgð og af einskærri löngun til þess að hátíðin leggist ekki af. Mikil væntumþykja er gagnvart hátíðinni og mikið af fólki hefur lagt sitt af mörkum til halda henni á lífi. Það hefur vissulega verið gert með þá sannfæringu að leiðarljósi að hvert ár sem hátíðin lifir og sannar sig skipti sköpum þegar kemur að því að fá samninga sem treysta stöðir Stockfish til framtíðar.

Stockfish kvikmyndahátíðin er nú fyrir löngu búin að sanna sig sem mikilvægan part af menningarlífi borgarinnar. Þrátt fyrir það er hátíðin enn í sömu óvissu og sömu sporum og nýgræðingur þegar kemur að traustum rekstrargrundvelli. Allir eru þó sammála um mikilvægi hátíðarinnar og að ávinningur hennar sé gríðarlegur fyrir íslenskan kvikmyndaíðnað og menningu.

Stór partur af óvissunni er vissulega sú staðreynd að hátíðin sem haldin er í mars, fær ekki að vita hve mikið fjármagn kemur frá borginni fyrr en í lok janúar. Mars er vissulega erfiður mánuður upp á þetta að gera en hann er sá besti fyrir hátíðina, m.a. annars til að aðskilja hana frá RIFF. Samningur við Reykjavíkurborg til þriggja ára er því grundvöllur þess að hægt

sé að skipuleggja Stockfish með forsendur fjármagns við höndina. Þá sérstaklega þar sem styrkur borgarinnar hefur verið fjárhagslegur grundvöllur hátíðarinnar frá endurfæðingu 2015.

Til glöggvunar fékk Stockfish árið 2021 sömu upphæð í styrk frá Reykjavíkurborg og árið 2016. Til viðbótar við lækkun á krónutölu árlegra styrkja frá borginni eftir 2015 er því ótalin árleg launa- og neysluvísitala. Bara sú hækkun myndi vera 19.4% í dag. *(Til grundvallar útreikningi eru notuð birt gildi vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu neysluverðs).* Skiljanlega ræður hátíðin því verr við verðlagshækkun kostnaðar- og launaliða með hverju árinu.

Sem dæmi hefur þurft að skera niður stöðugildi og launakostnað verulega. Árið 2021 var launakostnaður 6.7 milljónir kr. þegar hann í eðlilegu og sanngjörnu árferði hefði átt að vera rúmar 10. milljónir kr. Þá er ekki verið að tala um góð laun heldur eðlilegan fjölda stöðugilda og algjör lágmarkslaun. Það er ljóst að sú barátta sem hófst 2016 er komin yfir þolmörk og að endalokum ef hátíðin nær ekki að tryggja rekstrargrundvöll sinn til næstu ára.

Við, aðstandendur hátíðarinnar, gerum okkur grein fyrir því að það er ekki endalaust hægt að biðja fólk um að gefa megnið af vinnunni sinni. Það þarf fólk til að skipuleggja og framleiða vandaða kvikmyndahátíð og það á skilið að fá greidd mannsæmandi laun fyrir.

Við sjáum því miður ekki fram á annað en að þessi næst stærsta kvikmyndahátíð landsins og fagmessa kvikmyndagerðarfólks leggist af nema öruggur rekstrarstyrkur komi til næstu þriggja ára frá Reykjavíkurborg.

Stockfish kvikmyndahátíðin er formleg menningarhátíð, fagmessa og bransadagar íslensks kvikmyndagerðarfólks og gríðarlega mikilvægt að áframhaldandi tilvist hennar verði tryggð í Reykjavík. Tækifæri kvikmyndaborgarinnar Reykjavík og kvikmyndahátíðarinnar Stockfish eru gríðarleg ef horft er til framtíðar. Það tekur tíma að byggja upp farsæla vegferð menningarviðburðar af þeim gæðaflokki sem Stockfish kvikmyndahátíðin er. Það væri sorglegt að sjá á eftir henni eftir alla vinnuna, blóðið, svitann og tárin sem hafa farið í hana undanfarin ár vegna hugsjónar og baráttuvilja þeirra sem að henni hafa staðið.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Stjórn Stockfish Film Festival:

Friðrik Þór Friðriksson - Samtök kvikmyndaleikstjóra (SKL)
Tinna Hrafnadóttir - Félag íslenskra leikara (FÍL)
Anton Máni Svansson - Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK)
Sunna Guðrún Pétursdóttir - Félag kvikmyndagerðarmanna (FK)
Ragnar Bragason - Félag leikskálda og handritshöfundu (FLH)
Ari Alexander Ergis Magnússon - Félag kvikmyndagerðarmanna (FK)

Undirritun f.h. stjórnar



Marzibil Sæmundardóttir
framkvæmdastjóri Stockfish Film Festival

-




STOCKFISH

Film Festival in Reykjavík

Stockfish

Film Festival



March 24th–April 3rd

2022

Stockfish Film Festival er kvikmynda- og ráðstefnuhátíð fagfólks í kvikmyndageiranum, haldin af öllum fagfélögum í kvikmyndagreinum á Íslandi. Með hátíðinni var Kvikmyndahátíð Reykjavíkur endurvakin árið 2015 undir nýju nafni en hún var síðast haldin árið 2001 og var upphaflega sett á laggirnar árið 1978. Hagnaður Stockfish er sá sami og markmið hátíðarinnar sem er að þjóna samfélaginu sem hátíðin sprettur úr, efla og auðga kvikmynda- menningu á Íslandi árið um kring og vera íslenskum kvikmyndaiðnaði lyftistöng bæði erlendis og innanlands.

Stockfish var haldin í sjöunda sinn dagana 20. til 30. maí 2021 en henni var frestað tvisvar vegna Covid samkomutakmarkana. Áttunda Stockfish hátíðin verður haldin í lok mars 2022.

Allt kapp er lagt á að starfrækja Stockfish á faglegan, gagnsæjan og lýðræðislegan hátt með stjórn skipaðri meðlimum úr fagfélögum kvikmyndaiðnaðarins. Í stjórn Stockfish sitja þau Friðrik Þór Friðriksson, Sunna Guðrún Pétursdóttir, Anton Máni Svansson, Ragnar Bragason, Ari Alexander Ergis Magnússon og Tinna Hrafnisdóttir sem fulltrúar allra fagfélaganna í kvikmyndagreinum á Íslandi.

Með nýrri stjórn koma nýjar áherslur og hefur mikil endurskoðun farið fram innan stjórnar undanfarna mánuði. Ferðinni er heitið í kjarnann og upprunalega tilgang Stockfish og munu þær breytingar sem verða á 8. Stockfish hátíðinni endurspeglar þær áherslur.

Stockfish kvikmyndadagar 2022

Stockfish kvikmyndahátíðin hefur ávallt lagt áherslu á að tefla fram metnaðarfullri dagskrá fyrir hátíðargesti og eru sýndar bæði sérvaldar alþjóðlegar verðlaunamyndir auk ýmissa sérsýninga. Svo mun vera áfram en frekari áhersla verður lögð á að fá kvikmyndatitla sem fylgja erlendum gestum hátíðarinnar. Þar koma til greina m.a. leikstjórar, leikarar, framleiðendur og kvikmyndatökustjórar. Stefnt er á að sýna um 20 alþjóðlega titla á hátíðinni 2022 auk þeirra 20 stuttmyndaverka sem taka þátt í Sprettfisk. Áhersla verður einnig lögð á myndir sem hlutu tilnefningar til Evrópsku Kvikmyndaverðlaunanna og hafa ekki verið sýndar á Íslandi.

Stockfish bransadagar

Dagskrá bransadaga Stockfish hefur ávallt miðast við þarfir og óskir kvikmyndabransans hverju sinni. Pallborð hafa m.a. verið um innsetningu og sköpun kvikmyndatónlistar, tækifæri smáþjóða í alþjóðlegu kvikmyndaumhverfi, framtíð handritasköpunar í þrívíðum sýndarheimi, íslenska sjónvarpsþáttagerð og tækifæri hennar, takmarkaðan fjölda kvenkyns leikstjóra í íslenskum bíóhúsum, leikmynd í kvikmyndum, gervi, kvikmyndatökustjórn, handritaskrif, heimildamyndagerð ofl. Auk þess eru ávallt Q&A með alþjóðlegum verðlaunaleikstjórum og framleiðendum sem fylgja myndum sínum eftir.

Bransaviðburðir á hátíðinni 2022 verða skipulagðir í nánara samtali við stjórnir þeirra fagfélaga sem standa að baki Stockfish. Lagt er upp með að það verði einn vandaður og faglega innblásinn viðburður tengdur hverju fagfélagi. Í það heila verða þá um 5-8 bransaviðburðir á hátíðinni tengdir erlendum gestum.

BRANSAVIÐBURÐIR 2022

Sprettfiskur, í samvinnu við Símann og Kukl, á fjórum keppnisbrautum

Sprettfiskurinn er stuttmyndakeppni þar sem markmiðið er að vekja athygli á upprennandi íslensku kvikmyndagerðarfólki. Sigurvegari Sprettfisksins hefur hlotið 1 milljón króna í tækjaúttekt hjá Kukl frá árinu 2017. Talsverðar breytingar verða á Sprettfisknum árið 2022 með það að markmiði að þjóna og vekja athygli á breiðari hóp kvikmyndagerðafólks og kvikmyndaverka.

Sprettfiskur er stuttmyndakeppni Stockfish hátíðarinnar. Markmið keppinnar er að vekja athygli á upprennandi og fjölbættu kvikmyndagerðarfólki og hvetja til frekari dáða með verðlaunum sem leggja grunninn að næsta verkefni.

Árið 2022 verður sú nýbreytni að keppt verður í 4 flokkum stuttra kvikmyndaverka. Markmiðið er að veita fjölbreyttari verkum athygli sem og vettvang til viðurkenningar.

1 - Skáldverk

5 myndir valdar úr innsendingum til keppni.

Hámark 30 mínútur

Ekki frumsýndar opinberlega fyrir 2021

Íslandsfrumsýning á kvikmyndahátíð skilyrði í framtíðinni. Undanþága veitt árið 2022.

Aðeins íslenskar myndir koma til greina eða að höfundur, leikstjóri og/eða aðalframleiðandi sé íslenskur.

Verðlaunafé: 1.000.000kr

Úttekt hjá KUKL. 1.000.000kr

2 - Heimildarverk

5 myndir valdar úr innsendingum til keppni.

Hámark 30 mínútur

Ekki frumsýndar opinberlega fyrir 2021

Íslandsfrumsýning á kvikmyndahátíð skilyrði

Aðeins íslenskar myndir koma til greina eða að höfundur, leikstjóri og/eða aðalframleiðandi sé íslenskur.

Verðlaunafé: 500.000kr

Úttekt hjá KUKL. 500.000kr

3 - Tilraunaverk

Verk sköpuð á vettvangi myndlistar eða hreyfilistar.

5 myndir valdar úr innsendingum til keppni. Hámark 30 mínútur

Ekki frumsýnt opinberlega fyrir 2021

Íslandsfrumsýning á kvikmyndahátíð skilyrði

Aðeins íslenskar myndir koma til greina eða að höfundur sé íslenskur.

Verðlaunafé: 250.000kr

Úttekt hjá KUKL. 250.000kr

4 - Tónlistaverk

Listræn tónlistarverk gerð við frumsamið lag.

5 tónlistarmyndbönd valdin úr innsendingum til keppni.

Ekki frumsýnt opinberlega fyrir 2021

Aðeins íslensk tónlistarmyndbönd koma til greina eða að leikstjóri sé íslenskur.

Verðlaunafé: 300.000kr

Úttekt hjá KUKL. 250.000kr

Verðlaunaverkin verða sýnd saman í sjónvarpi Símans enda Síminn sem lætur til verðlaunaféð.

Verðlaunafénu fylgir skilyrði um sérstaka Sprettfisk verðlaunasýningu hjá Símanum. Verðlaun Sprettfisksins er gerð til að efla og styðja sigurvegarana til frekari dáða.

EVRÓPU PANILL - í samstarfi við Sendinefnd Evrópusambandsins

Ein af þeim kvikmyndum sem Stockfish mun sýna verður eftir evrópskan leikstjóra og tekur á einu af eftirfarandi málefnum. Leikstjóri fylgir myndinni eftir og tekur þátt í umræðupanel helgaðan málefninu ásamt vel völdum innlendum þátttakendum.

Climate change

Environment

Arctic

Abolition of child labour

Equality

Gender

Minorities

Human dignity

RETROSPECT

Masterklassi, panell eða vinnustofa með erlendum fagaðila á einhverju sviði kvikmyndagerðar sem hefur vakið athygli á sínu sviði. Auk þess verða sýndar allt að 3 kvikmyndir sem tengjast viðkomandi ásamt Q&A.

Q&A - með alþjóðlegu kvikmyndagerðarfólki

Stockfish mun leggja áherslu á að sýna myndir þar sem aðstandandendur myndarinnar geta fylgt myndinni eftir á hátíðina og tekið þátt Q&A sem og tekið þátt í viðburðum eins og málþingum og masterklössum til að efla enn frekar alþjóðleg tengsl íslenska kvikmyndabransans við þann alþjóðlega.

VERK Í VINNSLU

Verk í Vinnslu hefur verið fastur dagskrárliður bransadaga Stockfish. Verk í Vinnslu gefur aðstandendum kvikmyndaverka sem ekki eru tilbúin til sýninga einstakt tækifæri til að kynna verk sín fyrir erlendum fjölmiðlum og öðru bransafólki sem sækja hátíðina hverju sinni.

VIÐBURÐIR - Innblásnir frá fagfélögum Stockfish

Lagt er upp með að það verði einn eða fleiri vandaðir og faglega innblásnir viðburðir tengdir hverju fagfélagi. Eftirfarandi viðburðir eru í vinnslu:

ÍKS - Panell með Rachel Morrison kvikmyndatökustjóra

Rachel Morrison varð fyrsta konan til að hljóta óskarstilnefningu fyrir kvikmyndatökustjórn árið 2017 fyrir kvikmyndina Mudbound.

SKL - Panell með Kleber Mendoca Filho leikstjóra og handritshöfund

Kleber hefur átt þrjár myndir í keppni á Cannes og hlotið þar verðlaun. Hann var í aðaldómnefnd keppinnar á þessu ári. Myndir hans, Bacarau, Neighbouring Sounds og Aquarius hafa hlotið tugi alþjóðlegra verðlauna og viðurkenninga.

SÍK - Panell um tækifæri og framtíð íslensks efnis hjá streymisveitum

Panell með fulltrúum frá streymisveitum s.s. Netflix, Viaplay og/eða Amazon ásamt þeim íslensku. Rætt um framtíð og möguleika íslenskrar kvikmyndagerðar á streymisveitum. Bæði sem dreifingarform og hvað varðar framleiðslu á íslensku efni fyrir alþjóðlegan markað.

SÍK - Meistaraspjall/panell með Kasper hjá Zentropa framleiðanda DRUK

Meistaraspjall/panell með Kasper hjá Zentropa, einum framleiðanda DRUK um ferðalag myndarinnar á Óskarinn.

SÍK - Panell um kynningarmál kvikmynda

Panell með kynningarstjóra A24 sem dreifði Lamb á 600 tjöldum í Bandaríkjunum. Hvernig var að kynna mynd á svo stórum markaði á íslenski tungu?

FÍL - Masterklassi/meistaraspjall með Tildu Swinton

Tilda Swinton hefur verið á ferðalagi með masterklassa á hátíðum s.l. misseri en hennar framlag og sérstaða í leikaraheiminum þarf vart að kynna frekar.

FLH - Masterklassi um réttindamál handritshöfunda

Masterklassi með lögfræðingi dönsku handritasamtakanna.

FK - Panell um fjölskylduvæna kvikmyndagerð

Panell með norrænum fagaðilum, hugsanlega formönnum fagfélaga - þar sem eðlilegri vinnustundir eru viðhafðar, til að koma og lýsa aðstæðum og aðferðum.

FK - Panell með VFX teymi Lamb

Á þessu ári vann í fyrsta sinn íslensk mynd til verðlauna á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum fyrir sjónrænar brellur eða VFX.

AÐRIR BOÐSGESTIR

Á hverju ári býður Stockfish erlendum gestum alls staðar að úr heiminum til að koma og upplifa hátíðina með okkur. Þessir gestir koma frá öllum sviðum kvikmyndageirans og taka þátt í hátíðinni á ýmsa vegu. Þar á meðal eru blaðamenn og fulltrúar frá virtum kvikmyndahátíðum, kvikmyndamiðstöðvum, framleiðslufyrirtækjum, sérfræðingar í kynningarmálum kvikmynda, sölu- og dreifingaraðilar en viðvera þeirra á hátíðinni er gríðarlega mikilvæg fyrir hátíðina sjálfa og þá kvikmyndagerðarmenn sem taka þátt eða sýna verk sín á hátíðinni. Þannig gefst tilvalið tækifæri fyrir íslenskt kvikmyndagerðarfólk til þess að tengjast þessum aðilum og kynna fyrir þeim verkefni sín.

TENGLAMYNDUN

Allt að fjörutíu erlendir hátíðargestir hafa sótt Stockfish árlega, þá mest fjölmiðlar og fagfólk tengt kvikmyndabransanum sem kemur sérstaklega til að taka þátt í bransadögum hátíðarinnar. Mikill metnaður hefur ávallt verið lagður í tengslamyndun innlendra og erlendra fagaðila. Engin undantekning verður á þessu á 8.ári Stockfish þó síður sé þar sem enn frekari áhersla verður lögð á nánd og tengslamyndun með glæsilegri fagmessu.

Þess má geta að eftir síðustu hátíðir hafa orðið fjölmörg viðskiptasambönd þar sem íslensk kvikmyndaverk fengu erlenda meðframleiðendur og fjármagn erlendis frá í kjölfar tengslamyndunar á bransadögum hátíðarinnar.

Stockfish skipuleggur ýmsa tengslamyndandi viðburði á meðan hátíð stendur m.a. kvöldverði,

kynnisferðir, gleðistundir og móttökur. Auk þess eru haldin opunar- og lokahóf sem gefa ávallt tilefni til frekari tengslamyndunar.